

Til Félagsmálanefndar Alþingis
Kristín Ástgeirsdóttir form.
Reykjavík.

ÁLYKTUN

Sambandsstjórnar Verkamannasambands Íslands sem
haldinn er í Vík í Mýrdal 3. - 5. maí 1996.

Sambandsstjórnarfundur Verkamannasambands Íslands haldinn í Vík í Mýrdal 3. - 5. maí 1996 fordæmir harðlega vinnubrögð stjórnvalda við framsetningu og framlagningu breytinga á lögum um starfskjör og réttindi launafólks.

Fundurinn áréttar að verkalýðshreyfinginn var tilbúin, og raunar þegar komin í viðræður við atvinnurekendur, til lausnar málsins. Það var hinsvegar val stjórnvalda að eyðileggja þá vinnu með framlagningu frumvarps til laga án samráðs við verkalýðshreyfinguna.

Vinnubrögð af þessu tagi sýna betur en orð fá lýst hverjar eru áherslur stjórnvalda gagnvart samtökum launafólks.

Sambandsstjórnarfundur Verkamannasambands Íslands itrekar fyrri mótmæli verkalýðshreyfingarinnar við þessari ótrúlegu ósvífni stjórnvalda gagnvart samtökum launafólks sem á undanförunum árum hafa leitt mál sín til lykta með það eitt að markmiði að treysta afkomu þjóðarinnar í heild.

Sambandsstjórnarfundur Verkamannasambands Íslands krefst þess fyrir hönd tugþúsunda félagsmanna sinna að þessi áform stjórnvalda verði tekin af dagskrá og samtökum launafólks gefin kostur á að leiða málið til lykta með samningum.

Póstfang:

VMSÍ
Pósthólf 8156
128 Reykjavík

Heimilisfang:

Skipholt 50c
105 Reykjavík

Sími:

662 6410

Símbréf:

552 6830